

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Efni:

***Koparsléttu 6-8 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Koparsléttu, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Við lestur á athugasemdum húsfélagsins telur fulltrúi Flokks fólksins að hér sé um að ræða réttmæta gagnrýni íbúanna. Um er að ræða að nýta Koparsléttu 6-8, Reykjavík, undir malbikunarstöð. Húsfélagið Koparsléttu 10 er hins vegar ekki skilgreint sem atvinnuhúsnæði en eigendur að húsnæðinu eru fjölskyldufólk sem notar eignina sem geymslu fyrir húsbifreiðar, fellihýsi og sambærilegt, bifreiðar og fleiri muni. Hér er um málefnalega gagnrýni að ræða sem hlusta þarf á. Íbúum þykja mótvægisáðgerðir ófullnægjandi og illa skilgreindar. Hér telur Flokks fólksins mikilvægt að staldra við og hlusta á íbúanna. Flokkur fólksins hefur oft tjáð sig í bókunum um að viðleitni Reykjavíkurborgar til að veita hagsmunaaðilum andmælarétt sé stundum meira í orði en á borði.

Helga Björk Laxdal  
e.u.